

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð aldraðra í Selfoskaupstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. nóvember 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Byggingarsjóðs aldraðra í Selfoskaupstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður aldraðra í Selfoskaupstað.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að íbúðarbyggingum á vegum Selfoskaupstaðar, með fjárframlögum, fyrir aldrað fólk á Selfossi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 — ein milljón —, sem Selfoskaupstaður greiðir á árinu 1980.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir, áheiti og önnur skyld fjárframlög.
- b) Minningargjafir og aðrar gjafir.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðinn skal ávaxta, þar sem sjóðsstjórn telur arðbærast og tryggast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn og jafnmargir til vara, kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn Selfoss til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Stjórnin kys sér formann og ritara úr sínum hópi. Verði starfandi styrktarfélag aldraðra á Selfossi skal félaginu gefinn kostur á að tilnefna einn mann til viðbótar í stjórnina og einn til vara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún m. a. skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Selfoskaupstaðar og birtir með reikningum bæjarins. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.